

komudagur 15 /3 1993

TILRAUNASTÖÐ HÁSKÓLANS Í MEIÐAFRÆÐI
KELDUM VÍÐ VESTURLANDSVEG 110 RVK
 S: (91) -674700, -674738, 985-21644

KELDUM, 8. mars 1993

TIL LANDBÚNAÐARNEFNDAR ALÞINGIS
ALÞINGI - 150 R E Y K J A V Í K.

MÁLEFNI: UMSÖGN DÝRALÆKNA Á KELDUM UM -287.mál Alp. þskj.418-
 ,,FRUMVARP TIL LAGA UM DÝRASJÚKDÓMA OG VARNIR GEGN ÞEIM'',

Dýralæknar:

Egbert Gunnarsson, Gísli Jónsson, Helgi Sigurðsson, Konráð
 Konráðsson, Kristín Björns Guðmundsdóttir, Páll A Pálsson og
 Sigurður Sigurðarson.

Vísað er til minnisblaðs til Landbúnaðarnefndar frá
 dýralæknum á Tilraunastöð Háskólans á Keldum dags.22.2.1993
 og til fundar Páls A Pálssonar og Sigurðar Sigurðarsonar með
 Landbúnaðarnefnd Alþingis daginn eftir þar sem rætt var um
 ofangreint frumvarp.

Við viljum með þessu bréfi gera ítarlegri athugasemdir en
 kostur var á fundinum um frumvarpið í heild og einstakar
 greinar þess.

Við viljum taka það fram að ýmsar ábendingar við frumvarp
 það sem lagt var fram á síðasta ári um sama efni (-440 mál
 Alþingis 1991/92-) hafa verið teknar til greina.
 Athugasemdir við hið nýja frumvarp beinast að eftirtöldu:

1. Felld eru niður mikilvæg ákvæði í lögum nr. 23/1956 og
 12/1967 um fjárskiptafélög og um framkvæmd fjárskipta.
2. Lagt er til að nefnd 3ja (embættis?)manna taki við
 hlutverki núverandi Sauðfjársjúkdómanefndar og þannig
 rofin bein tengsl Alþingis við framkvæmdanefndina.
3. Ekki er í frumvarpinu tekið nægilegt tillit til sérstöðu
 Íslands varðandi skiptingu í varnarhólf með mismunandi
 smitsjúkdómaástand né heldur þess að sjúkdómar, sem eru
 tiltölulega mildir erlendis hafa stundum reynst skæðir og
 farið um sem eldur í sinu hafi þeir borist til Íslands
 vegna þess hve landið hefur verið laust við álag skæðra
 smitsjúkdóma, en við slík skilyrði myndast ekki mótstaða
 í búfjárstofnum.
4. Skipting í tikynningarskylda og skráningarskylda sjúkdóma
 sem fylgir frumvarpinu er óraunhæf við íslenskar aðstæður.

Við ítarlega athugun á frumvarpi því sem hér liggur fyrir
 höfum við komist að þeirri niðurstöðu, að ekki sé tímabært
 og raunar hið mesta óráð að fella nú úr gildi lög um varnir
 gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma nr. 23/1956 og nr.
 12/1967. Önnur lög sem talin eru má að okkar dómi og án of
 mikillar áhættu sameina eins og frumvarpið er orðið.

Pótt lög um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra nr. 23/1956 og nr. 12/1967 hafi að stofni til verið í gildi með nokkrum breytingum í meira en 50 ár þarf það eitt ekki að gera þau úrelt. Lögín hafa þvert á móti sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður. Enn er við svipuð vandamál að stríða og þegar lögín voru sett og úr þeim leyst með svipuðu móti.

Þessi lög eru einstæð að því leyti að bændur eru sjálfir gerðir ábyrgir fyrir framkvæmd vandasamra og margþættra sóttvarnaraðgerða og fjárskipta. Fullyrða má að ekkert framkvæmdavald í landinu er fært um að leysa úr slíku verkefni á jafn öruggan og ódýran hátt sem núverandi skipan gerir og þar að auki hefur nær undantekningarlaust verið friður um störf Sauðfjársjúkdómanefndar við framkvæmdina. Hæpið er að sá sparnaður náist, sem reiknað er með við það að leggja Sauðfjársjúkdómanefnd niður. Pólitískar deilur hafa ekki risið eins og áður gerðist um svo viðkvæm mál sem niðurskurður fjárbúa getur verið. Það má þakka þeim beinu tengslum sem Sauðfjársjúkdómaefnd hefur við Alþingi. Á slík tengsl má ekki skera að sinni.

Með stoð í lögnum tókst að útrýma þurramæði og votamæði í sauðfé og hamla gegn útbreiðslu garnaveiki sem leggst bæði á sauðfé og nautgripi. Eftir þessum lögum er ennþá starfað í baráttunni gegn garnaveiki og í aldarfjórðung einnig gegn riðuveiki. Sú barátta hefur þegar skilað athyglisverðum árangri þótt enn sé langt í land með að veikinni verði útrýmt. Nýlega hefur verin staðfest riðuveiki á mjög stóru og viðkvæmu svæði á Suðurlandi og á stóru fjárbúi á Norðurlandi. Enn finnst riðuveiki á Norðurlandi. Það er því ljóst, að allar breytingar á lögum um varnir gegn smitsjúkdómum af þessu tagi eru óráðlegar eins og staða mála er nú. Minni háttar breytingar mun þó þurfa að gera á gömlu lögnum t.d. þar að yfirdýralæknir eða maður tilnefndur af honum verði formaður Sauðfjársjúkdómanefndar. Því er lagt til að lög nr 23/1956 verði látin haldast að mestu óbreytt þótt önnur lög sem nefnd eru í frumvarpinu verði sameinuð. Ljóst er að enn mun þurfa að beita þessum lögum um nokkurt skeið í baráttu við riðuveiki í sauðfé.

Ekki er ólíklegt að í framhaldi af viðskiptasamningum verði losað svo um hömlur á innflutningi að nýir smitsjúkdómar berist til landsins. Þá er gott að hafa tiltákt kerfi sem reynsla er til að beita og reynst hefur vel til að fást við erfið og vandasöm viðfangsefni á þessu sviði.

Við óskum þess að fá tækifæri til að segja álit okkar á lagafrumvarpinu á seinni stigum, ef háttvirtri Landbúnaðarnefnd finnst rétt að taka þessi mál öðrum tókum en hér hefur verið lagt til.

/f*#

Athugasemdir sem gerðar voru af okkar hálfu við einstakar greinar frumvarps um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, sem lá fyrir á síðasta ári, eru endurskoðaðar hér vegna breytinga sem gerðar voru milli löggjafarþinga.

ATHUGASEMDIR VIÐ EINSTAKAR GREINAR FRUMVARPSINS:

(undirstrikað er það sem breytingartillaga er um)

1. gr. Orðist svo:

Tilgangur laganna er:

- a. að stuðla að góðu heilsufari dýra á Íslandi og tryggja að afurðir dýra, framleiddar í landinu til mannelis eða dýrafóðurs, verði sem heilnæmastar.
- b. að fylgjast með, halda í skefjum og hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og vinna að útrýmingu þeirra.
- c. koma í veg fyrir að smitandi dýrasjúkdómar berist til landsins.

Hér er lögð til breyting á uppsetningu. Meginmarkmið búfjárhalds hlýtur að vera það, að framleiða heilnæmar afurðir til mannelis og dýrafóðurs. Þetta byggir á sjálfsögðu á góðu heilsufari dýra sem afurðinnar gefa. Því eru þessi markmið sett saman í fyrsta lið. Afurðir fleiri dýra en búfjár eru nýttar til mannelis og skepnufóðurs (dæmi: hreindýr, selur, fiskur). Eftirlit þarf að hafa með heilnæmi þeirra afurða einnig. Því er talað um afurðir dýra í staðinn fyrir búfjárafurðir.

Rétt er að lögbinda það sem markmið að halda í skefjum dýrasjúkdómum auk þess að fylgjast með og vinna að útrýmingu þeirra. Þetta er markvissara og ítarlegra en það sem í frumvarpinu stendur.

Rétt er að tala um smitandi dýrasjúkdóma í stað þess að tala um „nýja smitsjúkdóma“ þótt lesa megi í málið. Fleiri smitsjúkdómar eru til en þeir sem hrjá dýr eingöngu (t.d. aðeins fólk) og eru utan gildissviðs þessara laga. Með því að tala um nýja smitsjúkdóma er boðið upp á þann misskilning að um sé að ræða áður óþekkt smitandi sjúkdóma í heiminum yfir höfuð. Auk þess er hér rétt að minna á þá sérstöðu okkar, að landinu er skipt í varnarsviði með ólíkt ástand hvað varðar smitsjúkdóma. Smitsjúkdómur sem fundist hefur hér á landi og veldur tjóni í sumum varnarhólfum er oftast en ekki með öllu óþekktur í öðru varnarhólfi og væri stór áfall ef hann fundist þar. Því má ekki takmarka greinina við „nýja smitsjúkdóma“.

2. gr. Við greinina bætist setningin:

.... en þó fyrst og fremst til smitsjúkdóma í búfé og gæludýrum.

Rétt er að draga aðeins úr þeim skyldum og útgjöldum sem í frumvarpinu felast með því að leggja áherslu á smitsjúkdóma í búfé og gæludýrum, en það á ekki að þurfa að draga úr aðgerðum sem nauðsynlegar teljast gegn hvaða sjúkdómi sem er í fuglum himinsins, fiskum í ám og vötnum, hryggleysingjum, meindýrum eða öðrum dýrum..

3.gr. Þriðja málsgrein orðist svo:

Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi fylgjast með heilbrigðisástandi dýra og vinna að battu heilsufari þeirra. Þeir skulu vera á verði gegn dýrasjúkdómum, er kunna að berast til landsins eða milli umdæma og sóttvarnarsvæða.

Orðalagi er breytt í málsgreininni til eðlilegra horfs, óþörf tvítakninga afnumin og dregið fram hér einnig það sem sérstætt er fyrir landið, að sjúkdómastaða er mjög breytileg milli varnarsvæða eða sóttvarnarsvæða. Mörk umdæma fylgja ekki alltaf sóttvarnarsvæðum og umdæmi geta náð yfir fleiri en eitt sóttvarnarsvæði. Því þarf að hafa bæði orðin umdæmi og sóttvarnarsvæði í lögunum. Misskilja má orðin yfir dýrasjúkdómum ebr. 1.gr.

Hlutverk héraðsdýralækna er nánar skilgreint í lögum um dýralækna og í erindisbréfi þeirra.

4.gr.

5.gr.

Í fyrstu málsgrein falli niður orðin „smitsjúkdómi sem lög þessi ná yfir“. Í þeirra stað komi: alvarlegum eða áður óþekktum smitsjúkdómi á í umdæminu eða á sóttvarnarsvæðinu.

Í frumvarpinu segir(2.gr.) að lögin taki til allra sjúkdóma í öllum dýrum. Óþarft er að bragðast svo harkalega og skilyrðislaust við öllum landlægum smitsjúkdómum sem eru óverulegir eða minni háttar(t.d. ormvæiki, jógurbólga) Athuga þarf hér að listi yfir sjúkdóma í viðaukum I og II við frumvarpið er óraunhæfur við íslenskar aðstæður og þarf nauðsynlega að breytast.

6.gr

7.gr.

8.gr.

9.gr.

10.gr.

11.gr. orðist svo:

Yfirdýralækni er heimilt að takmarka eða banna flutning dýra, vöru eða tækja milli sóttvarnarsvæða og innan þeirra telji hann að það valdi eða sé líklegt til að valda úthreidslu sjúkdóma í dýrum.

Ákvæði þessarar greinar eru allt of veik. Þrengd hlytur að vera í þessari grein frumvarpsins. Yfirdýralæknir ætti að hafa heimild til að banna eða takmarka með skilyrðum flutning dýra og dauðra hluta milli sóttvarnarsvæða(og einnig innan svæðis), ef hætta er á að smitefni eða aðrir sjúkdómsvaldar (t.d. eitur, erfðagallar) geti borist til ósýktra staða og ekki einungis þá, þegar hætta er á stórfelldu tjóni.

12. gr. Öþörf, ef lög nr. 23/1956 halda gildi.

13. gr. Fyrsta málsgrein(ný) verði þannig:

Óheimilt er að flytja sláturgrip milli sóttvarnarsvæða án sérstaks leyfis yfirdýralæknis.

- Önnur og þriðja málsgrein(sjá umsögn)..

Síðasta málsgrein verði þannig:

Skvilt er sláturleyfishöfum og eigendum dýra að ráðstafa þannig hrájum og sláturúrgangi, að ekki stafi smithætta af samkvæmt reglum er yfirdýralæknir setur.

Smithætta getur fylgt flutningi og meðferð sláturgripa og eins afurðunum og úrgangi frá þeim. Sömuleiðis er flutningur sláturgripa lengri vegalengd en nauðsyn krefur andstaðan dýraverndarskiptanna. Því er eðlilegt að yfirdýralæknir hafi fulla stjórn á þeim málum. Þetta atriði hefur fallið niður.

Er eðlilegt að leita þurfi til heilbrigðisnefndar vegna mats á því hvaða afurðin er óhætt að nota sem dýrafóður? Við teljum eðlilegt að leita þurfi álits heilbrigðisæftirlits varðandi starfsemi sem byggir á meðhöndlun, geymslu, flutningi, nýtingu í fóðurgerð eða eyðingu (til dæmis með urðun) á sláturúrangi.

Rétt er að skylda sláturleyfishafa og eigendur dýra sérstaklega til að ganga frá hrájum og sláturúrangi (heimaslátrun) þannig að ekki stafi smithætta af. Einnig er rétt að yfirdýralæknir setji sérstakar reglur um þetta.

15. gr. Upphaf greinar orðist svo:

Landbúnaðarráðherra setur reglur um sæðistöku úr dýrum, meðferð og flutning sæðis og framkvæmd sæðinga. Einnig um búnað, ..o.s.frv.

Í greining vantaði ákvæði um þau atriði sem undirstrikuð eru. Reglugerð þarf nauðsynlega að setja um þessi efni. Því má ekki hafa heimildarákvæði hér.

16. gr.

17. og 18. gr.

Í þessum greinum tveimur kemur glögg fram hvaða munur getur verið á meðferð stjórnvalda á sjúkdóma eftir því hvornig þeir eru flokkaðir. Það er að okkar dómi óvarlegt að binda slíka röðun í lög. Við teljum að yfirdýralæknir eigi að hafa möguleika á að breyta skráningu í þessa flokka með samþykkt Landbúnaðarráðherra. Breytilegt er hvornig þessu er háttað í erlendum lögum. Við teljum að smitsjúkdómar sem finnast hér á landi í fyrsta skipti eigi sjálfkrafa að fara í þann flokk sem kallar á hörðustu varnarviðbrögð og verði í þeim flokki á meðan kannað er hvort unnt sé að uppræta hann.

Ekki eru gerðar tillögur um orðalagsbreytingu, en tryggja verður í lögnum að alvarlegir smitsjúkdómar og ekki síst þeir, sem óþekktir hafa verið á landinu eða á viðkomandi svæði (þótt þeir hafi áður fundist hérlandis) verði teknir með fyllstu alvöru og þess freistað að uppræta þá með fullum þunga í fyrstu lotu.

19. gr. Öpörf ef lög nr. 23/1956 halda gildi.

20. gr.

Athuga þarf hvort það stenst að ákvæðið um að bótaskylda nái aðeins til búfjár.

21. og 22. gr

23. gr. Öpörf ef lög nr. 23/1956 halda gildi.

24. gr.

Ekki er nauðsynlegt að breyta orðalagi hér en athuga þarf að í sumum tilfellum getur verið réttlægt að gera sveitarsjóð ábyrgan fyrir greiðslu merkjavæðis að hluta og ríkissjóð að hluta en eigandi setji merkin í búféð. Þannig hefur þetta verið þegar fyrirskipað hefur verið merking á fé sem grunað er um niðuveiki og gengið vel án undantekninga.

25. gr. Fyrri hl. gr. er óþarfur, ef lög 23/1956 halda gildi.

Næst síðasta setning gr. verði þannig:

Nautgripi og geitur má því aðeins flytja yfir varnarlínur til lífs, að fram fari sérstök rannsókn á heilbrigði þeirra og ekki sé hætt á dreifingu smitsjúkdóma.

Nauðsynlegt er að taka fram hver niðurstæða þarf að vera af heilbrigðisrannsókn nautgripa og geita ef leyfa á flutning þeirra yfir varnarlínur.

26. gr

27. gr. Fyrri hluti greinarinnar er óþarfur, ef lög nr. 23/1956 halda gildi.

28. gr. Öpörf ef lög nr. 23/1956 halda gildi.

Gerð er að lokum breytingartillaga við sjúkdómalistana, viðauka 1 og viðauka 2 og fylgir það þessu bréfi. Heppilegast væri að landbúnaðarráðherra geti ákveðið að fengnum tillögum yfirdýralækni hvaða sjúkdómar séu í hvorum flokki fyrir sig en það sé ekki neglt niður í lög, sem þurfa að fara gegn um Alþingi. Breyting þarf að geta gerst án nokkurra tafa. Ef fast verður haldið við það, sem við teljum óheppilegra að láta lista þessa fylgja lögnum, er nauðsynlegt til að forða misskilningi að taka skýrt fram í upphafi viðauka að áður óþekktir smitsjúkdómar á Íslandi fari sjálfkrafa í Viðauka 1.

f.h. dýralækna á Keldum,

Sigurður Sigurðarson.
Sigurður Sigurðarson.

P.S.: Visat er til yfirdýralækni um hugsanlega breyting
á viðauka 1 og viðauka 2 eða annað fyrirkomulag